



Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Borgarnesi 11.03 2020

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um hagkvæmisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegur, 262 mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 20 febrúar 2020 þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu um hagkvæmisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegur, sem lögð var fram á Alþingi af Sigurði Páli Jónssyni þingmanni.

Almennt um tillöguna

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi fagna því að lögð er fram tillaga um hagkvæmisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegur. Í samgönguáætlun Vesturlands sem samþykkt var af öllum sveitarfélögum í landshlutanum árið 2017 er lögð rík áhersla á uppbyggingu vegarins um Skógarströnd. Í áætluninni segir „Brýnt er að hefja framkvæmdir við veginn um Skógarströnd, einkum lagningu bundins slitlags þar sem uppbyggingu er lokið. Mikilvægt er að hefja framkvæmdir árið 2017, hönnun endurbóta hans og gerð tímasettrar verkáætlunar framkvæmda.“ Af þess má sjá að sveitarstjórnir á Vesturlandi vilja hraða framkvæmdum, en stóraukin umferð ferðamanna um veginn og há slysatíðni þrýsta á um að framkvæmdum verði flýtt eins og kostur er.

Í úttekt sem Ólafur Guðmundsson ráðgjafi í umferðaröryggismálum vann fyrir Samtök sveitarfélaga á Vesturland á árinu 2019 kom fram að umferð um Snæfellsnesveg 54 hefur aukist verulega. Frá 2013 til 2018 jókst umferð yfir sumartímann úr 1654 bifreiðum í 2566 á dag og má leiða að því líkum að umferðaraukning á Skógarströnd sé hlutfallslega sú sama. Slysatíðni hefur einnig hækkað umtalsvert, en flest slysa á Skógarstrandarvegi hafa haft í för með sér eignatjón en minna er um alvarleg slys sem valda miklum skaða á fólki. Þá er Skógarstrandavegur einn fárra stofnvega á landinu sem ekki hefur verið lagður bundnu slitlagi, en Vegagerðin skilgreinir stofnvegi sem „*hluta af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri.*“


Vegurinn um Skógarströnd hefur mikla þýðingu fyrir íbúa á svæðinu sem um áratugaskeið hafa búið við laka malarvegi. Víða á svæðinu er stundaður landbúnaður og ferðaþjónusta vex hratt. Með bættum samgöngum skapast ýmis tækifæri varðandi samtarf Snæfellinga og Dalamanna, auk þess sem Dalabyggð myndi njóta góðs af þeim gríðarlega fjölda ferðamanna

sem leggur leið sína um Snæfellsnes og skemmtileg hringleið opnast. Þá er rétt að benda á að í tillögum vinnuhóps forsætisráðuneytisins um aðgerðir til uppbyggingar innviða í kjölfar óveðurs í desember 2019 er lagt til að Heydalur og Laxárdalsvegur verði lagðir bundnu slitlagi þannig að þeir geti nýst frekar sem varaleið þegar Holtavörðuheidi og Brattabrekka lokast. Vegurinn um Skógarströnd tengir þessa tvo vegi saman og því mikilvægt að hugað sé að uppbyggingu hans þegar styrkja á varaleið fyrir áðurnefnda fjallvegi.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi taka því heilshugar undir tillöguna og áréttu mikilvægi þess að hagkvæmisathugun, hönnun endurbóta, kostnaðar og verkáætlun liggi fyrir sem fyrst.

Virðingarfyllst

f.h. stjórnar SSV



Páll S. Brynjarsson

Framkvæmdastjóri SSV